

Reykjavík, 12. september 2022

Erindi til Bjargkeyjar Olsen Gunnarsdóttur, formanns fjárlaganefndar, og Lilju D. Alfreðsdóttur menningarmálaráðherra. Ósk um fjárframlag vegna RIFF 2023.

Frá: Frá Hrönn Marinósdóttur f.h. hönd stjórnar Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík (RIFF) en í henni sitja Baltasar Kormákur, kvikmyndaleikstjóri, Elísabet Ronaldsdóttir, kvikmyndaklippari, og Pétur Einarsson, kvikmyndagerðarmaður.

Efni: Beiðni um fjárveitingu að upphæð 20 milljónir króna svo starfsrækja megi Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík (RIFF).

Fyrir hönd stjórnar Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, þakkar undirrituð fjárlaganefnd og menningarmálaráðherra fyrir mikla velvild og veittan stuðning undanfarin ár. Jafnframt óskar stjórn RIFF, ráðherra og stjórnvöldum innilega til hamingju með glæsilega nýja kvikmyndastefnu en í henni er sérstaklega fjallað um hlutverk og gildi kvikmyndahátíða á borð við RIFF.

RIFF hefur ekki haft fastan samning frá því honum var sagt upp fyrirvaralaust af menntamálaráðuneytinu 2018 en ráðherra kom þá hátíðinni til bjargar. **Fyrir árið 2021 fékk hátíðin 15 mkr í gegnum Alþingi af fjárlögum og 10 mkr í gegnum Kvikmyndamiðstöð Íslands. Í ár, þrátt fyrir ótvírætt gildi kvikmyndahátíða á borð við RIFF, var fjármagn skorið niður í 15 mkr fyrir árið frá KMÍ.** Það hefur leitt til þess að sýningar á landsbyggð og sýningar fyrir börn og unglinga auk námskeiða á borð við Stelpur filma falla niður. Halli er fyrriséður á hátíðinni í ár en ekki var ljóst að minni framlög frá ríki væri að ræða fyrr en í vor en þó reynt að skera niður eins og unnt er.

Til þess að hátíð geti dafnað og nýtt tækifærin sem svo sannarlega eru til staðar, er óskað eftir auknu framlagi fyrir næsta ár sem yrði þá nýtt til að festa RIFF betur í sessi. 15 mkr styrkur í ár, þá 10 mkr lægra en árið á undan er ekki nægjanlegt. Styrkur frá menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg er grunnur undir starfsemi. Við gerum ráð fyrir að KMÍ geti áfram veitt 15mkr til RIFF á næsta ári, þótt það sé ekki í hendi. Því miður hefur ekki alltaf náðst samfella í rekstrinum en markmið okkar eru að geta haft starfsfólk á launum árið um kring. Von okkar er síðan sú að gerður verði sem fyrst samstarfs- og þjónustusamningur við hátíðina til nokkurra ára í senn, í takti við nýja stefnu.

RIFF er þekkt og nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar umfram aðrar hátíðir hér á landi þar sem áhersla er meðal annars lögð á að kynna nýjar og framsæknar kvikmyndir og markvisst að kynna kvikmyndalandið Ísland. Reykjavíkurborg valdi RIFF sem eina af sex borgarhátíðum til ársins 2022. Hluti af starfsemi RIFF felst einnig í að vinna með skólum á öllu landinu og

bjóða myndir og námsefni til kennslu, reka Stelpur filma, stuttmyndanámskeið fyrir grunnskóla og halda málþing og smiðjur fyrir kvikmyndagerðarmenn en því miður hefur það ekki gengið upp fjárhagslega í ár vegna mikils samdráttar í styrkjum frá stjórnvöldum.

Markmiðið er að hátíðin verði meðal fremstu kvikmyndahátíða í norðanverðri Evrópu, og teljum við tækifæri vera til staðar, sem og innviðir, en fjármagn vantar. Hátíðin hefur fengið til liðs við sig afar færán dagskrárstjóra, Frédéric Boyer, sem hefur mikla þekkingu og reynslu og vill byggja upp hátíðina með okkur. Í ár er fjöldinn allur af sýningum mynda sem koma hingað beinustu leið frá Cannes og Feneyjum, sem er einstakt og gerir það að verkum að fagólk og ferðamenn sjá ástæðu líka til að sækja hátíðina. RIFF dreifir ekki myndum og selur heldur fær þær lánaðar eða leigðar eftir áralangt uppbyggingarstarf við erlenda sölu- og dreifingaraðila. Árlega koma tugir erlendra gesta á RIFF til þess að taka þátt í Bransadögum og kynna sér það sem vel er gert hér á landi. Það hlýtur að vera nauðsynlegt að hafa einn vettvang til þess að kynna Ísland sem kvikmyndaland fyrir alþjóðaheiminum og endurgreiðsluhlutfallið. RIFF er komin vel á veg með það starf og hefur alla burði til að halda áfram því starfi.

RIFF er þannig orðinn mikilvægur samstarfs- og samskiptavettvangur fyrir íslenska kvikmyndagerðarmenn við kollega sína um allan heim. Leikstjórar og framleiðendur, sem sótt hafa hátíðina heim hafa í kjölfarið efnt til samstarfs við íslenska kvikmyndagerðarmenn um verkefni sem hlaupa á hundruðum milljóna króna. Bláðamenn sem heimsótt hafa hátíðina hafa skilað góðri kynningu fyrir íslenskan kvikmyndaiðnað í fagfjölmiðlum erlendis svo sem í Variety, Screen, Indiewire auk annarra miðla á borð við Arte sjónvarpsstöðina, Le Monde, Politiken, Guardian og New York Times.

Virðingarfyllst og með kærri kveðju,

Hrönn Marinósdóttir

Hrönn Marinósdóttir
stjórnandi RIFF

R I F F

29. sept. – 9. okt. 2022

Alþjóðleg Kvikmyndahátíð í Reykjavík | Reykjavík International Film Festival
Tel +354 411 7055 | riff@riff.is | www.riff.is  rvkfilmfest  reykjavikfilmfestival